

**Menningar,- íþróttá- og tómsundaráð Reykjanesbæjar, MÍT og Nes,
íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum, gera með sér eftirfarandi**

SAMNING

1. grein.

Samningur þessi er um aðstoð við lagfæringar á félagsaðstöðu fyrir Nes á Mánagrund (kjallara) ásamt þátttöku í rekstrarkostnaði við félagsaðstöðuna.

2. grein.

Samkvæmt samningi þessum greiðir MÍT kr. 300.000.- til lagfæringar á húsnæðinu, samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun. Allar framkvæmdir skulu unnar í samráði við eigendur húsnæðisins að Mánagrund, þ.e. Hestamannafélagið Mána og Bridesfélag Suðurnesja enda er það skilningur samningsaðila að samkomulag ofangreindra aðila um samstarf liggur fyrir við undirritun samnings þessa.

3. grein.

Samkvæmt samningi þessum greiðir MÍT kr. 150.000.- til reksturs á félagsaðstöðunni vegna ársins 2006.

4. grein.

Greiðsla MÍT fer fram að lokinni undirritun samnings

5. grein.

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember 2006.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum samningsaðila.

5. grein.

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma vegna samnings þessa skal vísa til framkvæmdastjóra MÍT sviðs.

Reykjanesbæ _____ 2006.

F.h. MÍT

F.h. Nes
